

Samkomulag Hafrannsóknastofnunarinnar og Félags íslenskra náttúrufræðinga um rannsóknaferðir á sjó

Hafrannsóknastofnunin og Félag íslenskra náttúrufræðinga, gera með sér svofellt samkomulag um greiðslur til félagsmanna fyrir þá daga sem þeir eru í rannsóknaferðum á sjó.

1. Vinnutími

1.1 Leiðangur hefst skv. samningi þessum þegar farið er frá heimabyggð og lýkur honum þegar þangað er komið aftur í beinu framhaldi af leiðangrinum.

1.2 Greiðslur skv. samningi þessum gera ráð fyrir 12 klst. vinnutíma á sólarhring.

1.3 Þegar því verður við komið skal skilgreina fastan 12 klst. vinnutíma á sólarhring við upphaf hvers leiðangurs.

2. Álag og yfirvinna

2.1 Á mánudögum til fimmtudaga skulu greiddar 4 klst og 55 mín. í yfirvinnu á dag og jafnframt 33,33% vaktaálag í 3 klst. á dag vegna þeirra stunda vinnuskyldu sem falla utan dagvinnutíma. Á föstudögum greiðast 4 klst. og 55 mín. í yfirvinnu á dag og 55% álag á 3 klst.

2.2 Á laugardögum og sunnudögum skal greiða 12 klst. og 55 mín. í yfirvinnu á dag.

2.3 Falli sérstakur frídagur á mánudag til föstudags skal í stað 4 klst. og 55 mín. yfirvinnu skv. 2.1 greiða 12 klst. og 55 mín. í yfirvinnu og þá stórhátíðarkaup ef við á. Í þessum tilvikum greiðist ekki 3 klst. álag skv. 2.1.

2.4 Falli stórhátíðardagur á laugardaga eða sunnudaga skal greiða 12 klst. og 55 mín. skv. 2.1 með stórhátíðarkaupi.

2.5 Í leiðöngrum á skipum öðrum en hafrannsóknaskipum skal greiða aukalega $\frac{1}{2}$ klukkustund í yfirvinnu í óþægindaálag á sjódag.

2.6 Leiðangursstjórar í leiðöngrum með 4 eða fleiri leiðangursmenn, skulu fá greiddar 1,0 klst. í yfirvinnu á dag til viðbótar þeim yfirvinnustundum sem taldar eru í 2.1-2.3 og það með stórhátíðarkaupi ef við á. Aðrir leiðangursstjórar fá greidda 0,5 klst. í yfirvinnu á dag.

2.7 Til viðbótar yfirvinnu í 2.1-2.3 greiðist fjarvistaruppbót skv. grein 5.12.3 í aðalkjarasamningi.

2.8 Frítökuréttur vegna ónógs hvíldartíma er skv. gr. 2.4.5 í aðalkjarasamningi.

3. Brottför og komutímar

3.1 Tilkynna skal starfsmanni með minnst 5 sólarhringa fyrirvara um áætlaðan brottfarartíma ef því verður komið við og staðfesta brottfarartíma með 1 sólarhrings fyrirvara.

3.2 Komi skip til hafnar á laugardögum, sunnudögum eða á sérstökum frídögum skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá miðnætti til komutíma að viðbættum 4 klst., þó aldrei meira en 12 klst. og 55 mín. fyrir þann dag. Greiða skal stórhátíðakaup ef við á.

3.3 Verði frestun á staðfestum brottfarartíma og frestur ekki tilkynntur fyrr en eftir kl. 17:00 á brottfarardegi á mánudögum til fimmtudags greiðast 3 klst. í yfirvinnu. Á föstudögum greiðast 4 klst.

3.4 Verði frestun á helgidegi og sá frestur ekki tilkynntur fyrr en samdægurs, greiðast 4 klst. í yfirvinnu.

3.5 Verði rof á leiðangri (t.d. vegna bilana eða langvarandi brælu) og leiðangursmenn sendir heim, telst leiðangri ekki lokið fyrr en 12 klst. eftir að ákvörðun um rof var tekin, en þó ekki fyrr en að til heimabyggðar er komið. Verði ekki framhald á leiðangri telst koma til heimabyggðar lok leiðangurs.

4. Frítökuréttur vegna rannsóknaferða á sjó

4.1 Fyrir hvern virkan dag á sjó öðlast starfsmaður 1 klst. frítökurétt og 1,5 klst. frítökurétt fyrir hvern helgi- eða stórhátíðardag.

4.2 Frítökuréttinn skal nýta í síðasta lagi viku eftir lok sjóferðar ef því verður við komið.

5. Kostnaður vegna ferðalaga og gistingar

5.1 Kostnaður vegna ferðalaga og gistingar skal greiddur skv. 5. kafla aðalkjarasamnings.

6. Gildistími

6.1 Samkomulag þetta gildir frá 1. febrúar 2007. Samkomulag þetta er hluti stofnanasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga og Hafrannsóknastofnunarinnar og endurskoðist því á sama tíma og sá samningur.

Reykjavík, 13. apríl 2007

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar

Hrafn Þórðarson

Kjartan Þoroddsen

Olefin S. Astþórður Guðrúnar Ófæruson

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Ólafur Þórður Þorvaldsson

Kristján Þórhilendahl

Guðrún Óskarsdóttir